



31. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn mánudaginn 5. mars 2018 og hófst klukkan 12:00.

Mættir voru: Jósteynn Hermundsson, Oddur Skúlason, Aðalbjörn Arnarson, Karl Ásberg Steinsson, Reimar Sigurjónsson og Elías Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð.

Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. Breyting á þaki Miðvangi 7 Bakkafirði

Fram lögð gögn vegna grenndarkynningar vegna hækkunar á þaki á Miðvangi 7 Bakkafirði. Fyrir liggja undirskriftir með samþykki íbúa Við Bæjarás 1, 2, 3, 4 5, 7 og 8, Hafnargötu 5, 7, 9, 11, 13a, 13b og 15, Miðvangs 1 og 3, Skólagötu 2.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti, framlagðar tillögur að hækkun á þaki á Miðvangi 7.

Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Landgræðslu ríkisins, til umsagnar

Lagt er fram til kynningar bréf Landgræðslu ríkisins, dags. 12. desember 2017. Bréfinu var vísað til nefndarinnar af sveitarstjórn til umfjöllunar.

Bókun um afgreiðslu: Lagt er til að sveitarstjóri afli frekari upplýsinga frá Landgræðslu ríkisins um mögulegt umfang, kostnað og annað það sem til frekari umfjöllunar þarf og erindið varðar.

Samþykkt samhljóða

3. Svæði fyrir skotíþróttir, erindi frá Rúnari Konráðssyni og Albert Sigurðssyni, f.h. áhugahóps um skotsvæði í Langanesbyggð, dags. 23. febr. 2017

Fram er lagt bréf dags 23. febrúar 2018. Í bréfinu eru nefndar þrjár hugmyndir að staðsetningu skotsvæða og óskað formlegs samstarfs við sveitarfélagið um gerð þeirra. Einnig eru framlagðir tölvupóstar dags 5. mars 2018 frá skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins og byggingarfulltrúa. Í tölvupóstum þeim er farið yfir þörf á skipulagsbreytingum og annað sem að málinu snýr frá þeirra sjónarhóli.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin telur malarnámu í landi Dals í Svalbarðshreppi henta best undir skotæfingasvæði. Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að ræða við forsvarsmenn áhugahóps um skotæfingasvæði.

4. Reglur um stöðuleyfi, framh. umræðu



LANGANESBYGGÐ

Fram eru lögð drög að reglum um stöðuleyfi. Reglurnar eru unnar í samræmi við fyrri umræður í nefndinni og byggðar á regluverki því er um málið heyrir.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til við sveitarstjórn að reglurnar verði staðfestar.

5. Vorhreingerningar o.fl.

Málið rætt og ákveðið að setja hreinsunardag á næsta fundi.

6. Önnur mál

- Sveitarstjóri fór yfir ýmis mál er varða gá mavöll og sorphirðu.
- Sveitarstjóri fór lítillega yfir stöðuna í Finnaþjóðarverkefningu.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:35.